

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Neskaupstað Neskaupstaður



<b>Dags eftirlits</b>	22.11.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Leifur Þorkelsson
<b>Fyrirtæki</b>	Síldarvinnslan Neskaupstað	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5702697479	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðjón B. Magnússon	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	748727,903 526902,195

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu í ljós tvö frávik frá starfsleyfi fyrirtækisins, fita í fráveituvatni mældist yfir starfsleyfismörkum og niðurstöður TVN mælinga eru ekki sendar til eftirlitsaðila. Gerðar voru athugasemdir við framkvæmd sýnatöku af fráveituvatni og við að grænu bókhaldi var skilað of seint.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins. Engin kvörtun hefur borist vegna starfseminnar það sem af er ári. Framkvæmdir í tengslum við breytta meðhöndlun útblásturslofts hafa tafist. Nú stefnir í að þeim verði lokið í ársbyrjun 2014.

Verið er að vinna við frágang á nýrri útrásarlögn í framtíðinni verða tvær útrásarlagnir frá verksmiðjunni, önnur frá fitugildru en hin fyrir kælisjó frá þurrkurum og öðrum tækjum.

Unnið hafði verið úr um það 116.000 tonnum af hráefni þegar verksmiðjan var heimsótt að stærstum hluta loðnu en einnig hefur verið unnið úr kolmunna, síld og makríl.

Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins, útgefnu af Umhverfisstofnun í janúar 2005 með gildistíma til 1. febrúar 2015.

Starfsleyfi verksmiðjunnar heimilar að unnið sé úr 1.100 tonnum af hráefni á sólarhring. Meðalafköst á loðnuvertíð eru um það bil 1050 tonn á sólarhring, afköstin eru lægri þegar vinnsla á hráefni frá frystihúsi fer fram en þá er reynt að stýra afköstum í takt við afköst frystihússins.

Ekki hefur komið til þess að vinna í verksmiðjunni hafi legið niðri í meira en einn mánuð það sem af er ári, því hefur ekki reynt á ákvæði í grein 1.5 um tilkynningu til eftirlitsaðila um gagnsetningu eftir meira en mánaðar stopp.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2012 var skilað til Umhverfisstofnunnar 28. maí 2013 þar koma meðal annars fram þær skráningar sem gerð er krafa um í grein 4.1. Fram kom í bréfi með grænu bókhaldi að skil á því hefðu dregist þar sem seinlega gekk að fá áritun stjórnar. Grænu bókhaldi á að skila fyrir 1. maí ár hvert skv. grein 1.7.

Útblástursloft verður meðhöndlað í lyktheydingarturni en ekki brennt eins gerð er krafa um í grein 3.4 Umhverfisstofnun samþykkti þessar breytingar með bréfi dags. 16. desember 2011 og taldi þær rúmast innan gildandi starfsleyfis verksmiðjunnar.

Mælingar á frárennsli fóru fram á loðnuvertíð í mars 2013. Niðurstöðum rannsókna frá rannsóknarstofu Matís var skilað í eftirlitsferðinni. Skv. niðurstöðum er fita í útrás frá fitugildru yfir þeim mörkum sem tiltekin eru í grein 3.9. Niðurstöðurnar eru hinsvegar ófullkomnar að því leyti að mælt var BOD í fráveituvatni en ekki COD eins og kveðið er á um í grein 4.2. Tekin voru sýni frá hverju tæki fyrir sig í verksmiðjunni og tölur um rennsli liggja ekki fyrir í öllum tilfellum.

TVN er mælt og skráð reglulega en niðurstöðum hefur ekki verið skilað í samræmi við grein 3.19.

Að lokum var gengið um athafnasvæði verksmiðjunnar. Snyrtilegt var um að litast í og umhverfis verksmiðjuna og ekki ummerki um mengun af neinu tagi sem rekja má til verksmiðjunnar.

**Frávik frá**

Grein 3.9 í starfsleyfi

**Lýsing á fráviki**

Fita í fráveituvatni mældist yfir losunarmörkum.

Grein 3.19 í starfsleyfi

Niðurstöðum TVN mælinga hefur ekki verið skilað.

**ATHUGASEMDIR**


Skv. grein 3.19 þarf að senda niðurstöður mælinga á frárennsli vegna yfirstandi árs fyrir 1. mars næsta árs. Þar sem BOD er mælt í stað COD þarf að skila inn útreiknuðu COD gildi ásamt hinu mælda gildi. upplýsingum um rennsli úr öllum þeim útrásum sem sýni voru tekin úr þurfa að einnig berast fyrir 1. mars ásamt upplýsingum um unnið magn

Minnt er á að grænu bókhaldi á að skila fyrir 1. maí ár hvert

**ANNAÐ**

Til þess að einfalda framkvæmd sýnatöku á fráveituvatni er lagt til að næst þegar sýnataka fer fram verði tekin sýni úr útrásarlögnum en ekki frá hverju tæki fyrir sig. Í tilfalli Síldarvinnslunnar í Neskaupstað yrðu því tekin tvö sýni, eitt úr hvorri útrás ásamt sýni af sjó inn í verksmiðjuna.

Reykjavík, 29.11.2013



---

Leifur Þorkelsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.